

SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.


UFS EINKUNN **80 / B1**

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	80	B1
Umhverfispættir	12%	88	A3
E.1 Umhverfisstjórnun og vishagkvæmni	8.5%	86	A3
E.2 Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun	3.5%	90	A3
Félagspættir	25.5%	97	A1
S.1 Mannauður	20.5%	100	A1
S.2 Viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	5%	85	B1
Stjórnarhættir	62.5%	72	B2
G.1 Almennir stjórnarhættir	10%	93	A2
G.2 Starfshættir og virðisæðjan	22.5%	80	B1
G.3 Vörur og þjónusta	30%	58	C1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Sjóvá nær áfram góðum árangri í UFS mati Reitunar og endar með 80 punkta í flokki B1. Árið 2024 uppfærði félagið tvöföldu mikilvægisgreininguna sem framkvæmd var árið áður. Aðkoma stjórnar og stjórnenda að sjálfbærnimálum er áfram metin virk og starfandi er sjálfbærniefnd sem forstjóri, ásamt starfsfólki þvert á félagið, situr í. Félagið gerðist aðili að UN Global Compact árið 2024, sem mun að öllum líkindum styðja við sjálfbærniáherslur félagsins enn frekar. Helstu áskoranir tryggingarfélaga í umhverfismálum snúa að tjónamálum, en þau hafa einnig mikla möguleika til að hafa áhrif í gegnum öflugar forvarnir. Sjóvá gerir þar vel og liður í þeirri vegferð er rík áhersla á að stuðla að ábyrgri endurnýtingu tjónamuna, hvatning til viðskiptavina um umhverfissvænni kosti við úrvinnslu tjóna og fjölbreyttar forvarnaaðgerðir. En félagið hefur nýtt Innsýn, stafræna lausn, til þess að auka forvarnarstarf fyrir tryggingataka. Ekki er framkvæmt formlegt sjálfbærniáhættumat við tryggingatöku hjá Sjóvá, en framkvæmt er áhættumat á fyrirtækjum í viðskiptum, þar sem breytur líkt og forvarnarstarf, öryggismenning og stjórnarhættir eru teknir með í áhættumatið. Umhverfisáhrif og áhætta frá eigin rekstri Sjóvá er lítil miðað við áhrif frá eigna- og tryggingarsafni en Sjóvá heldur utan um áhrif frá eigin rekstri og hefur náð þar árangri. Sjóvá hefur reiknað kolefnisspor eignasafnsins síns með aðferðafræði PCAF en hefur ekki reiknað losun frá tryggingasafni sínu en hingað til hefur ekkert íslenskt tryggingarfélag gert það. Sjóvá gerir áhættumat m.t.t. loftslagsbreytinga sem er hluti af áhættustýringarkerfi félagsins og er aðkoma stjórnar og stjórnenda að loftslagstengdum málefnum virk.

Sjóvá heldur áfram að huga framúrskarandi vel að mannauði og styður há starfsánægja til lengri tíma og hár starfsaldur það mat. Jafnréttis- og heilsumál eru einnig í góðum farvegi hjá félaginu og eru kynjahlutföll í heild sinni og í efra starfsmannalagi hjá Sjóvá góð. Sjóvá vinnur markvisst að því að bæta þjónustu við viðskiptavini og hafa t.a.m. verið hæst í Ánægjuvuginni átta ár í röð. Upplýsingaöryggi er áhættuþáttur í starfseminni og starfa váttryggingafélag á Íslandi undir stífu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sjóvá starfar eftir ISO 27001 vottun um upplýsingaöryggi. Félagið hefur mótað siðareglur birgja og hefur meirihluti stórra birgja staðfest siðareglur. Félagið framkvæmir ekki formlegt birgjamat sem nær til sjálfbærniþátta en hefur komið á kerfisbundnu verklagi til að meta frammistöðu verktaka og verkstæða sem kemur m.a. inn á umhverfismál. Ábyrg eignastýring er einn af mikilvægum þáttum í tryggingastarfsemi og er hægt að hafa mikil áhrif í gegnum eignasófnin en félagið hefur m.a. beitt sér á hluthafafundum. Stefna Sjóvár um ábyrgar fjárfestingar tók gildi árið 2023 og hefur Sjóvá fjárfest í ýmsum fyrirtækjum sem styðja við orkuskipti og hafa jákvæð áhrif á samfélagið en formlegir ferlar fyrir UFS mál hafa ekki verið innleiddir. Sjóvá heldur áfram að sinna sjálfbærnimálum félagsins vel.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er fyrir ofan meðaltal í umhverfis- og félagsþáttum, en í stjórnarhættum er félagið jafnt meðaltali í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun, en þau eru um 45 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 73 stig af 100 mögulegum, flokkur B2.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.